

## GJALDSKRÁ

### byggingarleyfisgjalda, gatnagerðargjalda og gjalda fyrir tengda þjónustu byggingar- og skipulagsfulltrúaembættis Skaftárhrepps.

#### 1. gr.

*Byggingarleyfi skv. 51. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki.*

Fyrir byggingarleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:

#### 1.1. Íbúðarhúsnæði.

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Einbýlishús	kr. 143.700
Parhús, tvíbýlishús eða raðhús á einni hæð	kr. 120.700 pr. íbúð
Raðhús á fleiri en einni hæð eða fjölbýlishús með þremur íbúðum	kr. 103.500 pr. íbúð
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	kr. 86.200 pr. íbúð
Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum eða fleiri	kr. 72.400 pr. íbúð

#### 1.2. Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir:

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólfplötur allt að 500 fermetrar	kr. 143.700
Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólfplötur stærri en 500 fermetrar	kr. 195.400

#### 1.3. Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar:

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Frístundahús stærri en 50 m <sup>2</sup>	kr. 143.700
Smáhýsi allt að 10 m <sup>2</sup>	kr. 8.000
Smáhýsi frá 10 m <sup>2</sup> að 25 m <sup>2</sup> (aukahús við frístunda- og íbúðarhús)	kr. 35.000
Frístundahús frá 25 m <sup>2</sup> að 50 m <sup>2</sup>	kr. 80.500
Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, og viðbyggingar allt að 20 m <sup>2</sup>	kr. 35.000
Viðbyggingar 20-100 m <sup>2</sup>	kr. 80.500

Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 m<sup>2</sup> skulu vera þau sömu og byggingarleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er við.

Vélageymslur/korngeymslur allt að 150 m <sup>2</sup> (ef stærra en 150 m <sup>2</sup> , gildir sama gjald og um væri að ræða atvinnuhúsnæði)	kr. 86.200
Hesthús, fjós, fjárhús og/eða sambærileg hús allt að 150 m <sup>2</sup> (ef stærra en 150 m <sup>2</sup> , gildir sama gjald og um væri að ræða atvinnuhúsnæði)	kr. 86.200
Gróðurhús allt að 150 m <sup>2</sup> (ef stærra en 150 m <sup>2</sup> , gildir sama gjald og um væri að ræða atvinnuhúsnæði)	kr. 86.200

Gjald vegna húsa s.s. sumarhúsa sem flutt eru inn á svæði Skaftárhrepps, fullbúin og sett á tilbúna undirstöður

kr. 74.700

1.4. *Sértæk hús og mannvirki, sem geta flokkast undir vatnsaflsvirkjanir, s.s. stöðvarhús, tengivirki, lokuhús og önnur mannvirki tengd virkjanaframkvæmdum sem háð eru byggingarleyfi.*

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi skal vera eftirfarandi:

Yfirferð á aðal-, lagna- og burðarvirkisuppráttum, byggingareftirlit, þ.e. lögbundnar úttektir, fokheldisvottorð, öryggisúttektarvottorð og vottorð vegna lokaúttektar. Einnig skal vera innifalinn ferða- og bifreiðakostnaður. Gert er ráð fyrir aðkeyptri þjónustu sérfræðinga, þar sem nokkrir þættir mannvirkis teljast verulega flóknir. Vegna stærðar og umfangs slíkra framkvæmda, skal áætla kostnað sem fellur til við eftirlitsskyldu sveitarfélagsins, til samræmis við stærð og umfang mannvirkis hverju sinni. Tímagjald skal reiknast 11.500 kr.

2. gr.

*Afgreiðslu- og þjónustugjöld.*

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld:

Afgreiðslugjald í skipulags- og byggingarnefnd	kr.	8.000
Breytingar á innra skipulagi húsa og aðrar minniháttar breytingar (gluggaútskiptingar o.fl.)	kr.	17.100
Hver endurskoðun aðaluppdráttar	kr.	14.900
Endurnýjun byggingarleyfis án breytinga	kr.	7.500
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	kr.	20.100
Vottorð vegna vinnveitingaleyfa	kr.	20.100
Vottorð vegna gisti- og veitingaleyfa	kr.	20.100
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	kr.	14.900
Framkvæmdaleyfi, fyrir minniháttar framkvæmdir	kr.	38.500
Stöðuleyfisgjald vegna hjólhýsa, gáma, torgsöluhúsa, frístundahúsa í smíðum, sem ætluð eru til flutnings, og stórra samkomutjald	kr.	21.800
Stofnun fasteignar/lóðar	kr.	5.200
Afskráning bygginga/lóða	kr.	5.200

*Útrentun á gögnum, teikningum eða öðrum tilheyrandi skjölum (svart/hvít):*

A4 = kr.	50
A3 = kr.	125
A2 = kr.	325
A1 = kr.	675

*Útrentun gagna, teikningar, skipulagsupprættir o.þ.h. í lit:*

A4 = kr.	160
A3 = kr.	330
A2 = kr.	830
A1 = kr.	1.700

*Vistun gagna á geisladiskum, s.s. loftmynda, teiknigrunna og annarra gagna, vegna vinnu við deiliskipulag o.fl.:*

1 diskur = kr.	1.000
2 diskur = kr.	1.500
3 diskur = kr.	1.750
4 diskur = kr.	2.000

3. gr.

*Gatnagerðargjald.*

Gatnagerðargjald skal greiðast samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá eftir því sem við á:

Einbýlishús:	8.045 kr./m <sup>2</sup>
Parhús, raðhús og fjölbýlishús:	6.900 kr./m <sup>2</sup>
Atvinnuhúsnæði:	4.600 kr./m <sup>2</sup>
Bílgeymslur:	1.720 kr./m <sup>2</sup>

## 4. gr.

*Framkvæmdaleyfisgjald skv. 1. mgr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi við 13. gr. skipulagslaga ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar að fenginni tillögu skipulagsfulltrúa. Lágmarksgjald skal þó vera 38.500 kr. Fjárhæð gjaldsins skal ekki vera hærri en sem nemur kostnaði við undirbúning og lögbundið eftirlit.

Þegar álit Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 106/2000 með síðari breytingum er nauðsynlegt vegna framkvæmda, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þess hluti af kostnaði við undirbúning leyfis. Tímagjald skipulagsfulltrúa vegna útgáfu framkvæmdaleyfis er 8.500 kr./klst. Sama tímagjald gildir vegna eftirlits með framkvæmdum.

## 5. gr.

*Gjald fyrir skipulagsvinnu skv. 2. mgr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sé þörf á að vinna skipulagsáætlun eða gera breytingu á skipulagsáætlun vegna leyfisskyldra framkvæmda eða grenndarkynna byggingarleyfisumsókn er tekið gjald miðað við umfang verkefnisins. Auk kostnaðar sem til fellur vegna vinnu skipulagsráðgjafa að skipulagsáætlun í samræmi við útgefna reikninga er tekið gjald vegna umsýslu og vegna málsmeðferðar hjá skipulagsfulltrúa. Tímagjald skipulagsfulltrúa vegna vinnu við umsýslu á málsmeðferð er 8.500 kr./klst.

## 6. gr.

Sveitarfélaginu Skaftárhreppi er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. IX. kafla laga um mannvirki, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

## 7. gr.

*Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð gjalda.*

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við byggingarvísitölu í janúar 2012 og breytast þau 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á umræddri vísitölu.

Eldri gjaldskrá vegna byggingarleyfis- og gatnagerðargjalda og tengdra þjónustugjalda fyrir byggingar- og skipulagsfulltrúaembætti Skaftárhrepps fellur úr gildi við gildistöku gjaldskrár þessarar.

*Samþykkt í sveitarstjórn Skaftárhrepps, 13. febrúar 2012.*

**Eygló Kristjánsdóttir** sveitarstjóri.